

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1036

Dagsetning: 27. ágúst 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerðir síðustu fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 13. ágúst 2024 og 20. ágúst 2024 voru teknar til umræðu og samþykktar samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Erindi um gerviverktöku

Fjallað var um erindi frá fjármálaráðuneytinu um gerviverktöku hjá stofnunum ríkisins.

### 4. Sjúkraskrá

Rætt um miðlæga afhendingu afrita sjúkraskráa. Auglýst hefur verið eftir starfsmanni sem gæti orðið hluti af Sögu-teyminu og myndi taka að sér að sjá um afhendingu afrita sjúkraskráa fyrir allar heilsugæslustöðvar HH. Einnig var rætt um geymslu á sjúkraskráum á pappír, hvar og hvenær þær eru geymdar. Ákveðið var að mynda starfshóp innan HH til að fara yfir stöðuna og hvernig geymslu eigi að vera háttað til frambúðar.

### 5. Starfsmannamál

Rætt var um mikilvægi þess að taka upp bakvaktir á deild rafrænnar þjónustu nú þegar Upplýsingamiðstöð HH er komin með sólarhringsþjónustu og þjónustu allar helgar. Ákveðið var að setja upp kerfi bakvakta fyrir þessa þjónustu.

### 6. Sameining sjúkraskráa

Rætt um aðgengi að sjúkraskrárkerfi með samningum við aðila utan HH, sem hefur verið til umræðu innan framkvæmdastjórnar undanfarið. Áfram verður unnið að málinu og er lögfræðingur HH í samtali við heilbrigðisráðuneytið.

### 7. Húsnæðismál

Rætt var um nýtingu á húsnæði við Hraunbæ 115 þar sem Heilsugæslan Grafarvogi var hýst tímabundið. Hugmyndir hafa komið frá heilbrigðisráðuneytinu um að koma Heyrnar- og talmeina- og talmeyndastöðinni inn í húsið. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að Heilsugæslan Árbæ fái herbergi í vestari hluta fyrstu hæðar fyrir sálfræðinga stöðvarinnar. Einnig var rætt um flutning

Geðheilsuteymis taugaproskaraskana og hvaða húsnæði gæti hentað betur fyrir starfsemina en núverandi húsnæði við Vegmúla.

## 8. Markaðskönnun fyrir þrjár heilsugæslustöðvar

Upplýst var um niðurstöðu markaðskönnunar fyrir húsnæði þriggja heilsugæslustöðva; í miðbæ Reykjavíkur, Hafnarfirði og Garðabæ. Ekkert kom út úr auglýsingu fyrir Heilsugæsluna Miðbæ svo ljóst er að leita þarf annarra leiða til að finna húsnæði. Boðið var upp á aðstöðu í óbyggðu húsnæði á Völlunum í Hafnarfirði sem er líklegt að samið verði um. Í Garðabæ var bæði boðið upp á aðstöðu í húsnæði sem þegar er til staðar og í húsnæði sem til stendur að byggja og þarf að fara yfir kostina áður en ákveðið verður með framhaldið.

## 9. Samningur milli Landspítala og HH frá áinu 2006 um rannsóknarþjónustu

Erindi hefur borist frá Landspítalanum um samning milli Landspítala og HH um rannsóknarþjónustu. Þar kemur meðal annars fram að til standi að fella niður afslætti vegna tilmæla frá heilbrigðisráðuneytinu og Samkeppniseftirlitinu. Rætt var um drög að svari sem unnið hefur verið af lögfræðingum HH. Óskað verður eftir fundi með Landspítalanum um málið.

## Önnur mál

### 10. Leiðtogar sálfræðinga

Upplýst var að stöðuna á ráðningu tveggja leiðtoga sálfræðinga.

### 11. Myndataka af framkvæmdastjórn

Langt er síðan myndir voru teknar af framkvæmdastjórn og miklar breytingar orðið síðan. Finna þarf tíma til að taka hópmyndir og myndir af forstjóra og framkvæmdastjórum sem hægt er að nota í kynningarefni. Ákveðið var að mynda framkvæmdastjórn á starfsdegi 24. september 2024.

## Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf ráðningu starfsmanns til að sjá um afhendingu afrita sjúkraskráa. Mynda þarf starfshóp innan HH til að fjalla um geymslu sjúkraskráa á pappíriformi, sjá lið 4.  
Ábyrgð: NSK
- Taka þarf upp bakvaktir stoðþjónustu, sjá lið 5.  
Ábyrgð: HP
- Halda þarf viðræðum um aðgengi að sjúkraskrárkerfi áfram, sjá lið 6.  
Ábyrgð: NSK
- Vinna þarf áfram með húsnæði á 1. hæð í Hraunbæ 115, sjá lið 7  
Ábyrgð: HP
- Fylgja þarf eftir markaðskönnun fyrir húsnæði þriggja heilsugæslustöðva, sjá lið 8.  
Ábyrgð: HP
- Senda þarf svar til Landspítalans varðandi samning um rannsóknarþjónustu og funda með fulltrúum spítalans í kjölfarið, sjá lið 9.  
Ábyrgð: HP

- Finna þarf ljósmyndara til að taka myndir af framkvæmdastjórn, sjá lið 11.  
Ábyrgð: BJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:15